

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2013

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014, 3. mál. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013.

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

Bandalag háskólanna harmar lækkun á frádrætti sem nýsköpunarfyrirtæki geta fengið frá álögdum tekjuskatti vegna kostnaðar nýsköpunarverkefna úr 20% í 15%. Ljóst er að fjárfesting í íslensku hagkerfi er lág í sögulegu samhengi um þessar mundir. Úttektir á hagkerfinu sýna að helstu vaxtamöguleikar liggja í nýsköpun og því mikilvægt að hið opinbera virki hvata í því sambandi. Þá sýna tölur Vinnumálastofnunar að hægar gengur að draga úr atvinnuleysi háskólamenntaðs fólks en þeirra sem aðeins hafa lokið grunnskólamenntun. Aukinn kraftur í nýsköpun gæti því reynst eitt mikilvægasta atriðið til að tryggja háskólamenntuðu fólki störf við hæfi til lengri tíma. Því er stuðningur við aukna fjárfestingu í nýsköpunarverkefnum hugsanlega ein besta langtímafjárfesting sem hið opinbera getur gert um þessar mundir. Lækkun á frádrættinum er því skref í öfuga átt.

Fæðingar- og foreldraorlof

BHM telur að hækkun hámarksgreiðsla sem foreldrar geta átt rétt á úr Fæðingarorlofssjóði úr 350.000 kr. í 370.000 kr. sé lítið en jákvætt skref. Ljóst er að tekjutap háskólamenntaðra í foreldraorlofi getur verið nokkuð og möguleikar þeirra sem hafa meðalháar tekjur til að standa við fyrri skuldbindingar sínar í foreldraorlofi oft litlir. Þannig er hækkun hámarksgreiðslna mikilvægt skref fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM til að njóta hlutfallslega sambærilegra launakjara í foreldraorlofi og þeirra sem hafa lægri tekjur.

Vísbendingar eru um að lækkun hámarksgreiðslu í foreldraorlofi hafi frekar haft áhrif á feður en mæður, feður taki nú síður foreldraorlof og þeir sem nýti sér það taki færri daga frá vinnu en áður. Hafa ber í huga að móðir og faðir eiga annars vegar sjálfstæðan foreldraorlofsrétt sem ekki er framseljanlegur og hins vegar sameiginlegan rétt. Ef feður taka síður foreldraorlof skapast aðstöðumunur milli nýfæddra barna, enda samvistir barns með foreldrum styttri ef faðir ekki nýtir sinn óframseljanlega rétt. Ef lækkun hámarksgreiðslu hefur orðið til þess að draga úr nýtingu feðra á rétti til foreldraorlofs, er hæpið að áætla að lenging orlofs í 12 mánuði myndi auka þátttöku feðra meðan hámarksgreiðslur eru svo lágar. Frekar þætti líklegt að munur á nýtingu kynjanna myndi aukast. Því fagnar BHM því að horfið hafi verið frá lengingu foreldraorlofs í 12 mánuði að svo stöddu.

Bandalagið telur afar mikilvægt að skerðingar á hámarksgreiðslu sem gerðar hafa verið á undanförunum árum verði dregnar til baka og hámarksgreiðsla leiðrétt með tilliti til verðlagspróunar. Þetta verði gert til að tryggja að fæðingarorlofskerfið þjóni þeim tilgangi sem því er ætlað að uppfylla lögum samkvæmt. Að mati BHM er slíkt forsenda þess að unnt sé að lengja foreldraorlofið í 12 mánuði.

Virðingarfyllst,



Guðlaug Kristjánsdóttir,
formaður.